

---

## Stjórnarfundur STEFs 6. febrúar 2020 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 6. febrúar 2020 og hófst hann kl 13:30.

Mættir voru: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Jakob Frímann Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Bragi Valdimar Skúlason, Hjálmar H. Ragnarsson. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 13. desember og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 16. desember var lögð fram til upplýsinga.
3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- a) Greining STIM á möguleikum STEFs að verða hluti af ICE
- b) Greining NCB á samstarfsaðilum varðandi mekanísk réttindi í USA – trúnaðarskjal.

Undir þessum lið var áréttað að fylgst yrði með vinnslu málsins af hálfu NCB og fordæmi þeirra fylgt hvað varðar val á samstarfsaðila.

- c) Drög að samningi vegna Framtíðarstefs við RSÍ og Myndstef
  - d) Bréf til RÚV v Söngvakeppni sjónvarpsstöðva og útgáfuréttar
  - e) Fréttatilkynning Keychange þátttakendur
  - f) Minnisblað GESAC um uppkaupsamninga
4. Ný þjónustukönnun með áherslu á styrkveitingar STEFs. Drög að slíkri könnun lögð fram ásamt minnisblaði sem sýnir breytingar frá fyrri könnun.

Samþykkt að afgreiða málið á milli stjórnarfundum með tölvupósti.

5. Verklagsreglur um val á framlagi Íslands til Norrænu kvikmyndatónskálda-verðlaunanna – Harpa. Drög lögð fram.

Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

6. Verklagsreglur um úthlutun fyrir stef. Drög lögð fram. Ákveðið að fresta afgreiðslu til næsta fundar.
7. Ákvörðun um næsta Langspilshafa.

8. Samstarf við Bitfury. Beiðni um 10.000 verk úr gagnagrunni STEFs.

Lagt fram:

- a) Drög að samstarfssamningi við Bitfury (ófullgerð) og
- b) Bitfury - lýsing á verkefni.

STEF telur mikilvægt í þessu sambandi að gæta að persónuvernd meðlima STEFs í samræmi við persónuverndarstefnu STEFs og því ekki hægt að fallast á beiðnina nema skýrt samþykki sé frá hverjum og einum meðlima sem vilji taka þátt í þessu tilraunaverkefni.

9. Erindi Kristjáns Hreinssonar vegna íslenskra texta við erlend lög.

Rætt var um stöðu þeirra höfunda sem ráðnir eru til að þýða söngtexta en nokkuð hefur borið á að án þeirra vitundar hafi útgefandi eða verkkaupi ekki útvegað leyfi fyrir notkun verksins í íslenskri þýðingu.

10. Undirbúningur kosninga í fulltrúaráð. Lagt fram:

- a. auglýsing eftir framboðum
- b. eyðublað frambjóðenda
- c. uppfært minnisblað um kosningar

Farið var yfir hverjir af stjórnarmeðlimum myndu bjóða sig aftur fram í fulltrúaráð STEFs. Þá var sérstaklega farið yfir allar dagsetningar.

11. Beiðni Alþingis um umsögn um breytingu laga á lögum um þjóðsöng Íslendinga

Samþykkt var að skila inn jákvæðri umsögn um málið og benda á að sæmdarréttur höfundar sé eftir sem áður verndaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu með svokallaðri menningarvernd höfundalaga.

12. Önnur mál

- a. Tilkynning til RSK vegna raunverulegra eigenda. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skyldu stjórnar að skila inn eyðublaði um raunverulega eigendur til RSK. Stjórnarmenn teljast skv. þessu til raunverulegra eigenda, þótt þeir eigi ekki eignarhluta í samtökunum eða eigi rétt á greiðslu arðs eða annarra hlunninda frá samtökunum.

Ekki voru borin fram fleiri mál.

Fundi slitið kl. 16:00.